

Nd.

793. Þingsályktun

um greiðslu fyrir ljóslækningar styrkhæfra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí).

Alþingi ályktar, að greiða skuli úr rikissjóði, eins og gert var til ársloka 1929, kostnað við ljóslækningar berklaveikra sjúklinga, sem samkvæmt berklavarnalögunum eru úrskurðaðir af stjórnarráðinu hæfir til ókeypis lækningahjálpar. Greiðslan skal fara eftir samningi, sem landlæknir gerir frá ári til árs við ljóslækningastofur, enda séu þær viðurkenndar af yfirlækni ljóslækningadeildar landsspítalans og landlækni.